

Fundargerð 562

Föstudaginn 12. júní 2026 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Halldór Gunnar Ólafsson (HGÓ) formaður, Haraldur Benediktsson (HB), Heiða Ingimarsdóttir (HI), Heiðbrá Ólafsdóttir (HÓ), Margrét Sanders (MS), Steindór R. Haraldsson (SRH) og Vigfús Þórarinn Ásbjörnsson (VÞÁ).

Auk þeirra sátu fundinn; Arnar Már Eliasson (AME) forstjóri, Hrunn Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEÞ) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Staða Fjallalambs hf. - til kynningar

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Staða Fjallalambs hf. - til kynningar

...

Til máls tóku HB, SRH, VÞÁ, HÓ, HGÓ, HÁ,

Stjórn samþykkti eftirfarandi bókun.

Mikilvægi Fjallalambs hf. fyrir sitt nærumhverfi er verulegt, en félagið er hlutfallslega stór vinnuveitandi á fámennu svæði. Byggðastofnun hefur um árabil stutt við fyrirtækið vegna þessa, meðal annars með hlutafé og með lánveitingum.

Nokkur viðsnúningur hefur verið í erfiðu rekstrarumhverfi á seinustu árum. Á þeim árangri má byggja áfram og lýsir stofnunin yfir fullum vilja til samtals um leiðir sem stuðlað geta að áframhaldandi starfsemi á Kópaskeri, að því marki sem slíkar lausnir samræmast gildandi heimildum og hlutverki stofnunarinnar líkt og lánanefnd hefur þegar tilkynnt félaginu.

Stjórn Byggðastofnunar hvetur því stjórn og eigendur Fjallalambs hf. til að leita allra raunhæfra leiða til að tryggja áframhaldandi rekstur á Kópaskeri.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 9:44

Magnús Helgason, fundarritari

Halldór Gunnar Ólafsson

Haraldur Benediktsson

Heiða Ingimarsdóttir

Heiðbrá Ólafsdóttir

Margrét Sanders

Steindór R. Haraldsson

Vigfús Þórarinn Ásbjörnsson